



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 42

Mars 1993

### VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn í Tæknigarði, Dunhaga 5, þriðjudaginn 6. apríl 1993 kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Lesið í nýjan kjarna úr Grænlandsjökli. *Árný E. Sveinbjörnsdóttir jarðfræðingur*
2. Kaffi og kökur.
3. Loftmyndir af jöklum. *Oddur Sigurðsson jarðfræðingur* tínir sitt hvað til.

## VORFUNDUR

Vorfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 6. apríl. Þar talar Árný E. Sveinbjörnsdóttir um borkjarna úr Grænlandsjökli. Í kynningarpistli hennar segir: „Sumarið 1992 var lokið við að bora u.þ.b. 3000 m ískjarna úr hájökli Grænlands, þar sem jökullinn er þykkastur. Tilgangur borunarinnar var að afla upplýsinga um veðurfar auk ýmissa annarra umhverfispáttá jarðarinnar frá síðastliðnum 200 til 300 þúsund árum.

Fyrri athuganir á Grænlandsjökli hafa sýnt að hjarnjökklar geyma í sér nákvæmar upplýsingar um veðurfar löngu liðins tíma. Með því að rannsaka breytingar á samsætustyrk íssins, sem myndaðist í jöklinum, er hægt að meta mjög nákvæmlega hvernig hitastigið hefur sveiflast á liðnum öldum. Með hinum nýja kjarna verður unnt að skyggjast mun lengra aftur í fortíðina og m.a. kanna ummerki tveggja jökulskeiða.

Mikilvægust mælingarnar sem gerðar verða á kjarnanum eru samsætumælingar sem verða að hluta til unnar á massagreini Raunvísindastofnunar Háskólans. Í fyrirlestrinum verður sagt frá niðurstöðum samsætumælinga, eins og þær liggja nú fyrir, en úrvinnsla kjarnans er aðeins skammt á veg komin. Þó er ljóst að veðurfar hefur aldrei verið jafn stöðugt og á núverandi hlýskeiði."

Eftir kaffihlé sýnir Oddur Sigurðsson nokkrar flugmyndir af jöklum landsins bæði af alfaraleiðum og fáfarnari slóðum. Þar sem myndasmíðurinn er ekki alls staðar vel kunnugur óskar hann eftir því að fróðir fundarmenn leggi orð í belg um það sem markvert er að sjá á myndunum.

## VORFERÐ

Í júní verður haldið í vorferð á Grímsfjall. Af ýmsum ástæðum eru líkur til að ekki verði vísindarannsóknnum sinnt jafnmikið og oft áður. Ekki er ráðið enn hver verður leiðangursstjóri þar sem formaður félagsins verður sennilega ekki með í förinni.

Til stendur að:

- Mæla vatnsborðshæð í Vötnunum.
- Mæla snið upp úr Vötnunum
- Mæla ákomuna á íshellunni í Vötnunum og e.t.v. víðar.
- Finna með íssjá hvar íshellan fer á flot einkum við norðan- og austanverð Vötnin.
- Mæla áfram ísskrið inn í Vötnin með GPS tækjum.
- E.t.v að koma upp sjálfvirkum tækjum til frekari veðurathugana einkum á leysingartímanum.
- Sinna venjubundnu viðhaldi.



## ADALFUNDUR JÖRFÍ 1993

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn 23. febrúar 1993 í Tæknigarði við Dunhaga.

Breytingar urðu á stjórn félagsins að þessu sinni. Sveinbjörn Björnsson varaformaður og fyrrum formaður félagsins baðst undan endurkjöri vegna anna. Voru honum þökkuð góð störf í þágu félagsins. Þykjumst við þó eiga góðan að enn þar sem hann starfar í valnefnd og ræður auk þess hollum ráðum hverjum sem til hans leitar. Í stað hans í stjórn var kosinn Einar Gunnlaugsson sem sat í varastjórn og í varastjórn var kosinn Alexander Ingimarsson.

### **Stjórn Jöklarannsóknafélags Íslands skipa nú**

*Helgi Björnsson formaður kosinn 1992 til 3 ára*

*Einar Gunnlaugsson varaformaður kosinn 1993 til 2 ára*

*Oddur Sigurðsson ritari kosinn 1993 til 2 ára*

*Jón E. Ísdal gjaldkeri kosinn 1992 til 2 ára*

*Stefán Bjarnason meðstjórnandi kosinn 1992 til 2 ára.*

### **Varastjórn Jöklarannsóknafélags Íslands**

1. Ástvaldur Guðmundsson

2. Jón Sveinsson

3. Alexander Ingimarsson

4. Hannes Haraldsson

Undir liðnum „önnur mál“ var rætt um:

1. sölu á frímerkjum félagsins sem gjaldkera var falið að kanna
2. sölu á eldri árgöngum Jökuls en fundarmenn töldu eðlilegt að lækka verð til þess að sem flestir ættu kost á að eignast ritið
3. smáfundi sem hægt væri að skipuleggja og halda í Mörkinni 6 og

4. hvort hægt væri að ljósprenta þá árganga Jökuls sem minnst væri til af hjá félaginu.

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknanevnd: Helgi Björnsson formaður, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Már Magnússon og Oddur Sigurðsson.
- Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Sverrir Hilmarsson, Alexander Ingimarsson og Pétur Þorleifsson.
- Bflanevnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Hafliði Bárður Harðarson, Árni Páll Arnason og Þorsteinn Jónsson.
- Ferðanevnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Halldór Gíslason yngri, Hannes Haraldsson og Soffía Vernharðsdóttir.
- Skemmtinevnd: Skipun frestað.
- Ritnefnd Jökuls: Helgi Björnsson, Leó Kristjánsson og Bryndís Brandsdóttir.
- Valnefnd: Sigurjón Rist var endurkjörinn til 3 ára en áfram sitja Sveinbjörn Björnsson 1 ár í viðbót og Gunnar Guðmundsson í 2 ár enn.

Oddur Sigurðsson

## UM LEIGUHÚSNÆÐI FÉLAGSINS Í MÖRKINNI 6

Eins og kynnt var á aðalfundi hefur félagið tekið á leigu húsnæði í húsi Ferðafélagas Íslands í Mörkinni 6 í Reykjavík. Um er að ræða fundaraðstöðu á efstu hæð hússins og 25 m<sup>2</sup> geymslu í kjallara. Þar eru geymdir m.a. allir árgangar *Jökuls* sem enn eru til, myndir, fyrstadagsumslög og bréf ásamt mörgum hlutum sem vert þykir að geyma og eru hluti af sögu félagsins. Fundarherbergið er leigt í félagi við ÍSALP og 4X4 klúbbinn. JÖRFÍ heldur þar stjórnarfundir fyrsta mánuðag í hverjum mánuði yfir vetrartímann. Í tengslum við þetta herbergi er 60 manna salur með borðum og stólum sem þessir þrír leiguliðar hafa afnot af í samtals 90 skipti á ári. Félagar eru hvattir til að nýta sér þennan möguleika, t.d. ef farið er í ferðalög og hópar vilja hittast fyrir og eftir ferðir t.d. til að skoða kort, halda myndasýningar og fleira. Þetta húsnæði ætti líka að vera hvatning hinum ýmsu nefndum félagsins til að hittast, hella uppá könnuna og ræða málin.

Þeir sem hafa hug á að nýta sér þessa möguleika ættu að hafa samband við undirritaðan í síma 44403 eða vinnusíma 685600.

Alexander Ingimarsson



## SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1992

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 39 stöðum. Af þeim hopuðu 19, en 11 gengu fram. Á sex stöðum stóð jadarinn í stað og á öðrum þrem varð ekki séð á hvort borðið hallaðist vegna vatnangangs eða snjóskafla.

Ekki er laust við að menn sjái draug í hverju horni eftir þau hin miklu framhlaup sem verið hafa undanfarið. Ég gerði því skóna í pistli í síðasta fréttabréfi (nr. 40) að Tungnaárjökull og Sátujökull kynnu að vera á faraldsfæti. Hvort tveggja reyndist tálsýn. Ekki eru þó allir jöklar kyrrir því í haust hljóp Múlajökull fram rétt einn ganginn og Magnús Tumi Guðmundsson tjáði mér að hann hefði séð úr flugvél í haust að norðvesturhluti Mýrdalsjökuls er hlaupinn fram. Nánar til tekið er þetta vestasti hluti svokallaðs Sléttjökuls sem gengur fram á vestanverðan Mælifellssand.

Nú er svo komið að allflestir jökulsporðar sem eru mældir á vegum Jöklarannsóknafélagsins hafa á einn eða annan hátt svarað kalli kuldabola sem kom yfir landið um miðjan sjöunda áratuginn. Nokkrir alræmdir framhlaupsjöklar svo sem Tungnaárjökull, Brúarjökull og Síðujökull hafa ekki hlaupið enn síðan kólnaði. Austurhluti Breiðamerkurjökuls hefur heldur ekki hlaupið fram svo orð sé á gerandi.

Oddur Sigurðsson

## SKÁLAGJÖLD

Stjórn félagsins ákvað að gisting í skálum félagsins skuli vera 650 kr. á nóttina í læstu skálanum á Grímsfjalli og í Jökulheimum. Í öðrum skálum félagsins kostar gistinóttin 450 kr. Auglýsum við hér enn trúnaðarmenn félagsins, sem haf lykjavöld á læstum skálum.

Stefán Bjarnason  
Hæðargarði 54  
Reykjavík  
hs. 91-37392 vs. 91-686125

Vilhelm Á. Ágústsson  
Stóragerði 16  
Akureyri  
s. 96-23900

Guðmundur Márússon  
Útgarði  
Varmahlöð  
s. 95-6127

Völundur Jóhannesson  
Fjarðarhlöð 5  
Egilsstöðum  
s. 97-11315

Birkir Fanndal  
Skútahrauni 14  
Reykjahlöð  
s. 96-44188